



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 20. janúar var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl. 16:30. Notast var við fjarfundabúnaðinn Teams.

Á fundinn voru mætt Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín Björk Leifsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson varamaður og Ástrós Elísdóttir varamaður ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Róbert Kristjánsson setti fundinn og stjórnaði honum í fjarveru oddvita og varaoddvita sem höfðu lýst sig vanhæf til þess að fjalla um málefni fundarins. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Erindi Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 21. desember 2021

Með erindi Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins er sveitarfélaginu tilkynnt að aflaheimildir sem koma í hlut byggðalagsins vegna fiskveiðiársins 2021/2022 nemi 154 þorskígildistönnum. Úthlutun í þorskígildistönnum helst því óbreytt á milli ára.

Þar sem endanleg úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2021/2022 liggur fyrir er sveitarfélögum gefinn frestur til 21. janúar nk. til þess að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur sem verða til kynningar á vef ráðuneytisins til 31. janúar og í framhaldinu verða sérreglur fyrir hlutaðeigandi byggðarlög teknar til efnislegrar meðferðar. Tillögur um sérreglur verða að vera byggðar á málefnalegum og staðbundnum ástæðum.

Fundarstjóri kynnti svohljóðandi tillögu um sérreglur sem lá fyrir fundinum:

Sveitarfélagið Skagaströnd – tillaga að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að óska eftir því við háttvirtan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að sérstök skilyrði verði sett fyrir úthlutun byggðakvóta sem koma mun í hlut Sveitarfélagsins Skagastrandar og úthlutað verður til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022. Vísað er til 1- 4. gr. og 6. reglugerðar nr. 995/2021 og óskað eftir að eftirfarandi sérstök skilyrði verði sett:



1. Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)

Lagt er til að eftirfarandi ákvæði 2. mgr. 1. gr. reglugerðar verði **felld út** úr reglum er varða úthlutun til Sveitarfélagsins Skagastrandar:

Heimilt er að úthluta aflamarki byggðarlaga til fiskiskipa, sem uppfylla skilyrði a- og b-liðar og eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í öðru byggðarlagi en umsókn um byggðakvóta beinist að, ef þeir stunda einnig útgerð með skip sem skráð eru í því byggðarlagi sem þeir hafa heimilisfang í.

Ákvæði 1. gr. hljóði þá svo:

Úthluta skal aflamarki til fiskiskipa sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a. Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, við lok umsóknarfrests.
- b. Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2021.
- c. Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. júlí 2021. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

2. Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)

Við úthlutun byggðakvóta verði kvótanum skipt í tvo flokka. Annars vegar verði úthlutað 40 tonnum til báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa (Húnaflóarækja) sem eru gerðir út frá Skagaströnd og hins vegar eftirstöðvum af úthlutuðum byggðakvóta skv. almennum skilyrðum reglugerðarinnar, auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónotaðs byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári. Hver útgerð sem sækir um byggðakvóta getur þó átt rétt á úthlutun úr báðum flokkum.

Við úthlutun byggðakvóta verði gerð sú breyting á forsendum skv. 4. gr. að sá hluti sem úthlutað er til báta með hlutdeild þann 1. september 2021 í innfjarðarrækjuveiðum á Húnaflóa, alls 40 tonnum, verði skipt jafnt milli hæfra umsækjenda. Þeim hluta sem úthlutað verður skv. almennum skilyrðum þ.e. úthlutun þessa árs auk þeirrar viðbótar sem kann að vera til úthlutunar vegna ónotaðs byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári verði hins vegar skipt skv. ákvæðum 4. greinar reglugerðarinnar.

Sú breyting verði gerð að hámark úthlutunar til hvers fiskiskips verði 50 þorskígildislestir. Hámarkið gildi um samanlagða úthlutun í báðum flokkum sbr. almennur flokkur og vegna báta með hlutdeild í innfjarðarrækjuveiðum. Þó skal við úthlutun fyrst reikna að fullu byggðakvóta sem úthlutað er vegna innfjarðarrækjuveiða.



3. Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)

Veitt verði undanþága frá löndun til vinnslu sem fram kemur í ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar. Fiskiskipum verði eftir sem áður skylt að landa í byggðarlaginu.

Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:

Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.

Ákvörðun sveitarstjórnar:

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi tillögu og fór yfir líkleg áhrif af þeim ákvæðum sem þar koma fram. Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með 5 greiddum atkvæðum.

Var sveitarstjóra falið að senda tillögur til ráðuneytis fyrir umbeðinn frest.

2. Önnur mál

Ekkert var ekki tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 17:10

Róbert Kristjánsson

Guðmundur Egill Erlendsson

Kristín Björk Leifsdóttir

Jón Ólafur Sigurjónsson

Ástrós Elísdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir